

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 8. maí 1971.

Jóhann Hafstein.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 53.

21. maí 1971.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 40 11. maí 1970, um kaup á 6 skuttogurum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta lögum nr. 40 11. maí 1970 um kaup á sex skuttogurum vegna samninga, er nú hafa tekizt við Slippstöðina h.f. á Akureyri um smíði tveggja skuttogara. Verður Útgerðarfélag Akureyringa kaupandi að fyrri togaranum og einnig þeim seinni, fáist ekki annar kaupandi. Þegar hafa verið gerðir samningar um smíði sex skuttogara samkvæmt fyrrgreindum lögum, þ. e. a. s. tveir skuttogarar verða smíðaðir í Póllandi og fjórir skuttogarar verða smíðaðir á Spáni.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðsins „sex“ í fyrirsögn og 1. mgr. 1. gr. laganna komi orðið: átta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 21. maí 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.